

Reykjavík, 26. febrúar 2016

Til Forsætisráðuneytis

**Umsögn við frumvarpi til laga um breytingu á lögum um menningarminjar og fleiri lögum
(Þjóðminjastofnun) sem leggja á fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015-2016**

Félag fornleifafræðinga hafnar frumvarpinu í heild sinni á þeim forsendum að vinnubrögðin við vinnslu þess hafi verið ófagleg og beri vitni um skort á þekkingu á málaflokki. Frumvarpið ber hratt að og var unnið í sáralitlu samráði við fagaðila.

Stöðugleika hefur verið náð í minjavörslu frá því að Minjastofnun Íslands var stofnuð 2013 en fyrirliggjandi frumvarp er afturför sem mun hafa varanleg og skaðleg áhrif á starfsumhverfi fornleifafræðinga og minjarnar í landinu. Vegið er alvarlega að frelsi til vísindarannsókna með tillögu um miðstýrða rannsóknarstefnu í fornleifafræði. Verði frumvarpið að lögum mun það binda endi á um 150 ára sögu Þjóðminjasafns Íslands á sviði fornleifarannsókna.

Fyrir hönd Félags fornleifafræðinga,

Sólrún Inga Traustadóttir, formaður Félags fornleifafræðinga